

Skýrsla framkvæmdaráðs Rafstaðlaráðs starfsárið 2009-2010

Aðalfundur Rafstaðlaráðs fyrir árið 2008-2009 var haldin í boði RARIK í Reykjavík, Bíldshöfða 9, þann 25. mars 2009.

Þar kynntu starfsmenn RARIK stöðlunarhandbók og einnig sögðu þeir frá rafmagnsslysum og hvað væri gert til að minnka hættu á þeim meðal annars með öflugri fræðslu til starfsmanna.

Þeir sem skipuðu framkvæmdaráð Rafstaðlaráðs á síðasta starfsári eru:

Trausti H. Ólafsson, Hitaveitu Suðurnesja, formaður.

Pétur Örn Magnússon, Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar hf. varaformaður.

Hersir Oddsson, Orkuveita Reykjavíkur meðstjórnandi.

Einar Pálmi Jóhannsson, Félag raftækjaheildsala, meðstjórnandi.

Einar. H. Reynis, Síminn, meðstjórnandi.

Á síðasta aðalfundi voru Einar Pálmi Jóhannsson frá Félagi raftækjaheildsala og Pétur Örn Magnússon frá VJI endurkjörnir til tveggja ára

Skoðunarmenn reikninga eru Sigurður Geirsson skólastjóri Rafiðnaðarskólans og Friðrik Alexandersson, Rafteikningu hf.

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili þeirra Trausta H. Ólafssonar, Einars H. Reynis og Hersis Oddssonar og hafa þeir allir ákveðið að gefa kost á sér.

Engin önnur framboð hafa borist í þessi lausu sæti.

Yfirlit yfir störf framkvæmdaráðs

Á síðasta starfsári voru haldnir 10 bókaðir framkvæmdaráðsfundir, haustfundur og aðalfundur. Að auki situr formaður í stjórn Staðlaráðs en þar voru haldnir 10 stjórnarfundir auk aðalfundar.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni Rafstaðlaráðs á liðnu ári.

- Ekki gekk vel að fjölga aðilum innan Rafstaðlaráðs á síðasta ári og misstum við einn aðila út. Þar er um að kenna miklum samdrætti þjóðfélaginu og kom þetta því ekki á óvart. En ekki verður gefist upp og í lok ársins sáust teikn á lofti um bjartari tíma amk. hvað varðar aðild að RST.
- Áfram var haldið við gerð handbókar við ÍST 200 sem Gunnar Ámundason hefur verið fenginn til að þýða og ritstýra. Með honum hafa starfað fyrir hönd framkvæmdaráðs þeir Kjartan Gíslason, Magnús Kristbergsson, Ásbjörn R. Jóhannesson og Ólafur Sigurðsson. Þeir Ásbjörn og Ólafur koma báðir frá SART.

Eins og fundarmenn rekur minni til þá hefur þetta verkefni tekið mun meiri tíma en gert var ráð fyrir. Þar kemur margt til og þær helstu að staðfæring textans og yfirllestur hefur tekið mun meiri tíma en áætlað var í fyrstu.

Verkefnið varð fyrir nokkrum tögum m.a. vegna veikinda þýðanda. Vinna hélt þó áfram og var vonast til að bókin kæmi út fyrir áramót en það náðist ekki.

- Haustfundur Rafstaðlaráðs var að þessu sinni haldinn að Hesthálsi 6-8, í boði Frumherja. Aðalmál fundarins var kynning Teits Þorkelssonar á rafbílum og tvinnbílum. Hann fór vel í gegnum þessi mál og sagði frá þróun og helstu nýjungum á þessu sviði. Að loknu umræðum og kaffihléi kynntu starfsmenn Frumherja starfsemi fyrirtækisins, Pálmar Þórisson sagði almennt frá starfsemi Frumherja, Jón Hjalti Ásmundsson sagði frá starfsemi orkusviðs Frumherja og Hallgrímur S. Hallgrímsson fjallaði um fjarálestur orkumæla, núverandi notkun og framtíðarsýn. Gerður var góður rómur að þessum kynningum og þótti fundurinn hafa tekist vel.

Tækninefndir RST

Ein tækninefnd var að störfum á síðasta starfsári og lauk hún endurskoðun á ÍST 150 - Raf og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði. Staðallinn er komin út og eru aðilar sáttir við niðurstöðuna.

Erlent samstarf

Hlutverk RST í rafstöðlun á alþjóðavettvangi er að fjalla um mál sem heyra undir evrópsku rafstaðlasamtökin CENELEC og alþjóðaraftækniráðið IEC.

Ritari RST, Sigurður Sigurðarson, sótti báða tækniráðsfundi CENELEC sem haldnir eru tvisvar á ári. Hann skilar sérstakri greinargerð til framkvæmdaráðs eftir hvern fund auk formlegrar fundargerðar. Hann sótti einnig árlegan fund rafstaðlaráða norðurlandanna, NOREK, sem haldin var á Svalbarða í apríl. Þessu til viðbótar sótti ritari aðalfund CENELEC 2008 ásamt framkvæmdastjóra Staðlaráðs, en sá fundur var að þessu sinni haldinn í Madrid á Spáni.

Af skýrslum og upplýsingum ritara af þessum fundum kemur fram að áfram er haldið í stöðlun á sviði sjálfvirkni og bættrar orkunýtingar og eru margar áhugaverðar nýjungar að koma fram á sjónarsviðið. Rafstaðlaráð mun áfram fylgjast með framþróun á þessu sviði en virkni takmarkast þó við það fjármagn sem fæst í slík verkefni.

Stefnumótun

Stefnumótun er ferill sem alltaf þarf að vera í endurskoðun. Aðilar Rafstaðlaráðs eru hvattir til að senda inn óskir og athugasemdir til að þjónusta ráðsins nýtist þeim sem best. Aðeins með endurskoðun og endurmati er hægt að tryggja að RST stefni í þá átt sem best kemur að gagni fyrir aðila ráðsins og því er endurgjöf aðila mikilvæg fyrir ráðið.

Kynningarmál

Áfram er unnið að kynningarmálum með beinum kynningum á fundum og fræðsluerindum, einnig er beðið eftir nýju kynningarriti sem CENELEC og CEN eru í sameiningu að gefa út. Þar virðast útgáfumál einnig geta tafist því að útgáfan hefur dregist mikið hjá þeim og sér ekki ennþá fyrir endann á þeim vankvæðum.

Lokaorð

Ritari RST hefur jöfnum höndum svarað fyrirspurnum sem berast Rafstaðlaráði og Staðlaráði og rétt að þakka honum fyrir að halda vel utan um verkefni ráðsins. Handbók við staðalinn ÍST 200 er kominn í notkun og nú er bara að vona að sem flestir sem vinna á rafmagnssviðinu sjái sér fært að nálgast handbókin, en það er hægt hér hjá Staðlaráði. Einnig vil ég þakka þeim Gunnari Ámundasyni, Kjartani Gíslasyni, Magnúsi Kristbergssyni, Ásbirni R. Jóhannssyni og Ólafi Sigurðssyni fyrir þeirra framlag við gerð handbókarinnar.

Rafstaðlaráð mun halda áfram að þjónusta aðila sína eftir bestu getu og allar ábendingar sem aðilar telja að geti bætt þjónustuna vel þagnar.

Takk fyrir.

Reykjavík, 18. mars 2010

Trausti H. Ólafsson, formaður Rafstaðlaráðs.